



**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. desember 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 313. mál.

Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vilja koma á framfæri athugasemdum og tillögum um eftirfarandi atriði:

I KAFLI, Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 13.gr. a.(I)

Í greininni er lagt til að þeir aðilar sem höfðu heimild ríkisskattstjóra til að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilfellum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu var almennt yfir 70%, fái aðlögun að lögum nr.128/2009 þar sem þessi heimild er felld niður. Aðlögunin fellst í því að heimilt verður að færa til tekna á þrem árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað.

Þeir aðilar sem hafa mest nýtt sér ofangreinda heimild eru verkfræðingar og arkitektar. Á síðustu misserum hefur umhverfi þeirra breyst mjög til hins verra og er nú svo komið að verkefnaskortur og atvinnuleysi er mikið. Í ljósi þessara aðstæðna telja Samtökin það mjög íþyngjandi að þurfa að greiða á þrem árum áður heimila frestun og leggja því til að gefinn verði rýmri heimild til endurgreiðslu eða allt að 10 ár.

VIII KAFLI, Breyting á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpun.

Samtök iðnaðarins studdu eindregið þau lög sem hér um ræðir þegar þau voru samþykkt um síðustu áramót. SI og Hátækni- og sprotavettvangur sem er samstarfsvettvangur hugverkaiðnaðarins og fjögurra ráðuneyta hafa átt í stöðugum viðræðum við fjármálaráðuneyti og aðra hagsmunaaðila á þessu ári um innleiðingu og umbætur á lögunum í samræmi við ályktanir Hátækni- og sprotabings sem haldið var í lok síðasta árs. Innleiðingarferlið hefur því miður tekið allt þetta ár í stjórnarsýslunni m.a. varðandi handbókarsmið, reglugerðarsetningu og umsögn Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Eins og fram kemur í athugasemdum með nýju lagafrumvarpi, þá er það m.a. til komið vegna athugasemda ESA sem látið hefur í ljós ýmsar athugasemdir við það kerfi sem í hinum gildandi lögum felst. „Athugasemdir ESA lúta;

1. Í fyrsta lagi að því að stofnunin telur að ýmsum skilgreiningum laganna sé ábótavant og ekki standist ákvæði EES-samningsins að útiloka opinber hlutafélög og önnur hlutafélög í eigu opinberra aðila frá gildissviði laganna. Slíkt feli í sér ólögmeta mismunun gegn hlutafélögum í opinberri eigu.
2. Í öðru lagi liggur fyrir sú afstaða ESA að ívilnunin sem felst í skattafslætti til lögaðila sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum feli í sér sjálfstæða beina ríkisaðstoð til þessara lögaðila sem ólíklegt er að verði réttlætt á grundvelli undanþáguákvæða 61. gr. EES-samningsins.



3. *Í þriðja lagi telur stofnunin að ekki sé unnt að setja þak á hinn óbeina stuðning til nýsköpunarfyrirtækja sem felst í því að nýsköpunarfyrirtæki verða álitlegri fjárfestingarkostur en önnur félög sökum skattafláttarins. Af þeirri ástæðu verði líklega erfitt að staðfesta skattaflátt vegna hlutafjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum þótt hann taki einungis til einstaklinga. „*

Stjórnvöld hafa átt í viðræðum við eftirlitsstofnun EFTA í því skyni að finna lausn á framangreindum atriðum og er nýja frumvarpinu ætlað að innleiða þær lausnir að hluta.

Athugasemdir SI /SSP við frumvarpið:

Draga má athugasemdir samtakana saman í tvö meginsvið.

1. SI styðja þá megin hugsun í þessu nýja frumvarpi að tryggja sem hraðasta innleiðingu á þeim þáttum gildandi laga (nr. 152/2009) sem ESA telur að megi innleiða án formlegrar rannsóknar (6-10 mánaða töf) innan EES. SI taka undir þau almennu rök sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu hvað þetta atriði varðar. Samtökin benda hins vegar á nauðsyn þess að ganga lengra að lyfta þökunum varðandi hámark kostnaðar hjá hverju fyrirtæki sbr. 43. gr. frumvarpsins. Bent er á sameiginlegar tillögur SA(SI) og VÍ í þessu sambandi sem leggja til kostnaðarramma upp á 750 MISK með sérstakri áherslu á launaliðinn.

Rök:

Það er vissulega jákvætt í þessu nýja frumvarpi að þökin eru hækkuð og endurgreiðsluhlutfallið fer úr 15% í 20%. Því ber að fagna og það mun hafa góð áhrif á meðalstór nýsköpunarfyrirtæki. Þessi breyting vegur hins vegar ekki þungt fyrir stærstu nýsköpunarfyrirtækin. Á sama tíma á Ísland í harðri samkeppni um starfsskilyrði við lönd sem sækjast markvisst eftir að laða til sín stöndug tæknifyrirtæki, þar sem þessi fyrirtæki greiða alla jafnan hærra laun og nýta háskólamenntað fólk í meira mæli en önnur. Það er fátt sem hvetur stærri íslensk tæknifyrirtæki til framtíðarvaxtar á Íslandi í dag með öllum þeim vandræðum sem fylgir íslensku starfsumhverfi s.s. gjaldeyrishöftum, fjarlægð frá mörkuðum, takmörkuðu aðgengi að vel menntuðu fólki og hækkingu sköttum. Það þarf ekki nema eina ákvörðun á stjórnarfundum í þessum fyrirtækjum, sem í vaxandi mæli starfa alþjóðlega og eru með erlenda aðila í stjórn, til að hefja hraðan brottflutning frá Íslandi. Skýr skilaboð íslenskra stjórnvalda m.a. í formi skattalegs hvata til þróunarstarfs hér á landi geta vegið þungt til að sporna við slíkri öfugþróun sem væri skelfileg fyrir Ísland og ungt framtíðarfólk á Íslandi. Til þess þarf þó fulla einurð því önnur lönd ganga mjög hart fram í að laða þessi fyrirtæki til sín.

2. Það er líka mikilvægt að halda fast til haga ákvæðum nýgildandi laga um afslátt vegna hlutabréfakaupa einstaklinga og lögaðila í nýsköpunarfyrirtækjum og að þessi atriði komi til framkvæmda með skattauppgjöri ársins 2010 og skattframtali í mars/júní nk. (fyrir einstaklinga/lögaðila). Ákvæðin í 6. gr. nýgildandi nýsköpunarlaga voru fyrst og fremst hönnuð fyrir lítil nýsköpunarfyrirtæki sem ekki eru fullburða til að fara inn á almennan hlutabréfamarkað. Í þessum fyrirtækjum er framtíðin falin þrátt fyrir leiðin sé ekki bein og greið. Hér má því engan tíma missa. Jafnhliða þessu nýja lagafrumvarpi þarf því að leggja fram tvö önnur frumvörp sem snúa að athugasemdum ESA nr. 2 og 3 hér að framan og leita eftir samþykki þeirra fyrir. Í hnotskurn er eftirfarandi lagt til:

- i) Setja fram og samþykkja nýtt lagafrumvarp um skattafslátt fyrir fjárfestingu einstaklinga í nýsköpunarfyrirtækjum í samræmi við gildandi lög (þó með hærri þökum). Óska eftir samþykki ESA, helst án þess að til formlegrar umsagnar/rannsóknar innan EES þurfi að koma.
- ii) Setja fram nýtt lagafrumvarp um skattafslátt fyrir fjárfestingu lögaðila og sjóða í nýsköpunarfyrirtækjum á svipuðum nótum og var í fyrri lögum (þó með hærri þökum). Þetta frumvarp verði sent til formlegrar umsagnar/rannsóknar innan EES áður en það verður gert að lögum, þar sem hjá því virðist ekki komist.

Rök:

Ástæða þess að hér er lagt til að þrískipta núgildandi lögum um leið og umbætur eru gerðar á þeim, er að umfjöllun ESA um ákvæði þeirra gæti tekið mislangan tíma jafnvel þó niðurstaða rannsóknar ESA yrði jákvæð. Athugasemd 2 hér að framan frá ESA gæti augljóslega valdið meiri töfum en hinar tvær (1 og 3). Af þeim sökum væri skynsamlegast að halda ákvæðum sem að þeirri athugasemd snúa sér til að tefja ekki innleiðingu annarra ákvæða. Eins gæti athugasemd 3 valdið meiri töfum en athugasemd 1.

Rannís hefur mótttekið um 100 umsóknir frá nýsköpunarfyrirtækjum sem óska staðfestingar samkvæmt núgildandi lögunum. Rannís hefur ekki getað afgreitt þessar umsóknirnar vegna þess að samþykki ESA hefur ekki legið fyrir. Með nýju frumvarpi er stefnt að því að laga ákvæði í núgildandi lögum sem varða endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar þannig að unnt verði að afgreiða umsóknir skv. 5. gr. laganna lítið breyttar.

Milli 30-40 (skv. lauslegum upplýsingum Rannís) af þeim 100 fyrirtækjum sem sótt hafa um skráningu eru að sækjast eftir staðfestingu samkvæmt 6. gr. laganna. Nýja frumvarpið fellir þessa grein út úr núgildandi lögum. Ef ekkert nýtt kemur í staðinn til að halda inni 6. gr. núgildandi laga gætu milli 30-40 lítil nýsköpunarfyrirtæki misst flugið og/eða tafist um eitt ár í öflun nýs hlutfjár til uppbyggingar. Hér gæti því orðið verulegt tjón fyrir þessi fyrirtæki og þau jafnvel þurft að hætta rekstri. Það yrðu mikil vonbrigði sem íslenskt nýsköpunarumhverfi þarf síst á að halda ofan á þá röskun orðið hefur í íslensku efnahagslífi vegna hrunsins á fjármálamarkaði. Á sama tíma safnast upp „atvinnulausir“ peningar með neikvæðri raunávöxtun í bönkum sem fara nú offari í áhættufælni sem enn og aftur kemur hart niður á nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Nánar um athugasemdir ESA

1. Eins og fram kemur í athugasemdarkafla frumvarpsins virðist ekki erfitt að fást við fyrstu athugasemd ESA (m.a. vegna fordæmis Norðmanna) og taka endurgreiðslu r&þ út fyrir sviga eins og gert er í þessu nýja frumvarpi.
2. Hinar tvær athugasemdir ESA þarf að skoða betur og þá setja í sérstök lög (frekar tvö en ein) sem væntanlega þyrftu að fara (önnur eða bæði) í umsagnarferli innan EES. Athugasemdir ESA varðandi hlutabréfabáttinn eru ekki þess eðlis að ljóst megi vera að skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum sé óheimill. Það er því engin ástæða fyrir íslensk stjórnvöld að falla frá þeirri stefnu sem mörkuð var í núgildandi lögum og þingmenn allra flokka studdu um síðustu áramót. Varðandi athugasemd ESA nr. 2, um að „ívilnun sem felst í skattafslætti til lögaðila sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum feli í sér sjálfstæða beina ríkisaðstoð til þessara lögaðila sem ólíklegt er að verði réttlætt á grundvelli undanþáguákvæða 61. Gr. EES-samningsins“ er þetta að segja. Í b og c-lið 3 greinar nefndar 61.



Gr. EES samningsins er einmitt fjallað um undanþágur sem fela í sér (með tilvitnun í þessar tvær undanþágugreinar);

b) „aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“;

c) „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“;

Báðar þessar greinar gætu átt við í tilfalli Íslands og ekkert kveður á um að aðstoðin gæti ekki verið í formi skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa.

3. Það er að mati SI ekki haldbær röksemdafærsla sem fram kemur í þriðju athugasemd ESA að „ekki sé unnt setja þak á hinn óbeina stuðning til nýsköpunarfyrirtækja sem felst í því að nýsköpunarfyrirtæki verða álitlegri fjárfestingarkostur en önnur félög sökum skattafsláttarins“. Þessi stuðningur er bundinn við útgáfu nýs hlutafjár sem gerð er krafa um í núgildandi lögum að liggja fyrir þegar afslátturinn er veittur. Því getur þakið á stuðningnum aldrei orðið hærra en sú tala sem nemur seldu hlutafé og sennilega aðeins þeim hluta sem nemur afslættinum sjálfum. Þriðja athugasemd ESA hefur því ekki við nein rök að styðjast, sem lesa má úr EES samningnum eða reglum ESB.

Að auki má benda á reglur ESB um skattalega hvata til stuðning við rannsóknir og þróunarstarf og markmið þess um „að 3% af GNP renni til r&þ“ nefna það sem sérstakan markhóp og áherslu „að gera fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum áhugaverða fyrir fjárfesta“ (Young R&D-intensive SMEs to support the growth of R&D-intensive start-ups and make them more attractive to venture capital).

(sjá: http://ec.europa.eu/invest-in-research/policy/tax_incentives_en.htm)

Leiða má rök að því að þessi stefnumörkun ESB vegi þyngra ef til umsagnar/rannsóknar innan EES kemur en óljós umsögn ESA um þá leið sem Íslendingar vilja fara í núgildandi lögum. Áður en hægt er að fullyrða um þetta væri hins vegar betra að afla nánari skýringa og formlegs svars ESA um hvað liggur að baki neikvæðu mati starfsmanna ESA um hlutabréfaleiðina (sbr. athugasemdir þeirra nr. 2 og 3), sem svo augljóslega er þó í anda markaðrar stefnu ESB.

Aðrar athugasemdir við einstaka greinar

Í grein 46. gr. er í undirgreinum víða rætt um „samanlagðan kostnað“ þar sem réttara orðalag væri samanlagður styrkur.

Þá er rétt að benda á mögulega vankanta við 46. grein um skilyrði aukningar á styrkhæfi, eins og skilja má hana.

(tilvísun) " 2. rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd.

Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift með almennum hætti á tækni- og vísindaráðstefnum eða með birtingu í vísinda- eða tækniritum eða í gegnum opin gagnasöfn, etc. "



Slíkar birtingar sem eru skilyrði fyrir aukningu styrkhæfis, spilla mögulegri vernd hugverkaréttar sem getur orðið verðmætasta eign nýsköpunarfyrirtækis. Ekki er hægt að sækja um einkaleyfi eftir að birting hefur átt sér stað.

Æskilegt væri að skattalegir hvatar til nýskapandi rannsóknarstarfs taki fullt tillit til þessa, en hvetji ekki óafvitandi til þess að verðmæti glatist.

Það ætti að vera tiltölulega einfalt að bæta úr þessu með því að taka fram að slík birting sé heimil að því tilskildu að fyrirtækinu hafi verið gefinn kostur á að tryggja hugsanlegan hugverkarétt, svo sem að leggja inn einkaleyfi, eða huga að vörumerki eða hönnunarvernd fyrir birtingu.

Með þessu móti væri hægt að tryggja að hugverkaréttarleg verðmæti sem mynduðust í tengslum við rannsóknirnar sé ekki kastað á glæ með birtingu vegna fljótfærni.

X KAFLI, Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 49. gr.

Í greininni er lagt til að frá og með 1. janúar 2010 sé tollstjóra heimilt að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýti metan í stað bensíns eða dísilólíu.

Samtökin fagna þessari breytingu en telja hins vegar óþarft að takamarka endurgreiðsluna við 1000 bíla. Metan er umhverfisvænn innlendur orkugjafi og því ætti að hvetja sem flesta til að nýta metan sem orkugjafa.

XI KAFLI, Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Í grein nr. 50 í kafla XI í frumvarpinu er talað um ákvæði um stimpilgjald til bráðabirgða sé framlengt. Þetta ákvæði fjallar um afnám stimpilgjalds fyrir kaupendur af sínum fyrstu íbúðum. Fasteignamarkaðurinn hefur verið í mikilli lægt í um 3 ár. Verð hafa lækkað verulega og velta dregist mikið saman. Það er mikið hagsmunamál fyrir alla landsmenn að þessi markaður taki við sér og að tíðni viðskipta geti aukist. Aðgerðir stjórnvalda vegna skuldavanda heimila ættu t.a.m. að stuðla að því að hleypa auknu lífi í markaðinn.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi á árinu 2011 verði 2,5 milljarðar. Þar af er einungis lítill hluti vegna stimpilgjalda á fasteignaviðskiptum. Stærstur hluti er vegna margvíslegra annarra lánasamninga. Tekjusamdráttur ríkisins vegna afnáms gjaldsins fyrir kaupendur á sínum fyrstu íbúðum var ekki mikill. Í ljósi þess hve veikur þessi markaður er og hversu efnahagslega mikilvægt er að koma honum í gang er hér lagt til að stimpilgjöld vegna húsnæðiskaupa almennings verði fell niður og nái því einnig til annarra en þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar

Orri Hauksson
Framkvæmdastjóri

